

Hafnarfirði 14.apríl 2014

Athugasemd vegna kynningar á deiliskipulagstillögu fyrir Strandgötu 26-30

Ég undirritaður geri eftirtaldar athugasemdir við tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir lóðirnar Strandgötu 26-30 í Hafnarfirði.

1. Kvaðir um yfirborðsfrágang, efnisval, hlutföll og samhæfingu við þá byggð sem fyrir er á Strandgötunni eru ófullnægjandi. Leggja þarf áherslu á staðaranda.
2. Kvaðir um tengingu Strandgötu við verslunarmiðstöðina Fjörð um göngugötu sem liggar gegnum bygginguna á Strandgötu 26-30 þarf að skilgreina betur til að tryggja að hún heppnist vel.
3. Kvöð um fyrirkomulag verslunarrýmis á jarðhæð þarf að vera ítarlegri.
4. Gluggasetning á íbúðum sem snúa út að Strandgötu þarf að vera í sama anda og á nærliggjandi húsum, til að halda yfirbragði bæjargötu.



Kári Eiríksson, Gunnarssundi 5.